

Alþingi  
Velferðarnefnd  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

151. löggjafarþing 2020–2021.  
Þingskjal 125 — 124. mál.  
Tillaga til þingsályktunar  
Velferðarnefnd

Reykjavík, 10. febrúar 2021  
Sendandi: Mímir-símenntun ehf.

## Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um Samfélagstúlkun.

Mímir-símenntun fagnar tillögu til þingsályktunar velferðarnefndar um samfélagstúlkun enda vekur hún athygli á brýnu málefni sem varðar okkar samfélag.

Mímir vill vekja athygli á því að undanfarin tvö ár hefur Mímir boðið upp á námið Samfélagstúlkun fyrir markhóp framhaldsfræðslu í samstarfi við Fræðslusjóð sem niðurgreiðir námið. Námið er 130 klukkustunda nám á þriðja þrepi hæfniramma um íslenska menntun, sem mögulegt er að meta til sex eininga á framhaldsskólastigi. Námið er ætlað þeim sem sinna eða hafa hug á að sinna starfi við samfélagstúlkun sem felst í því að miðla munnlega merkingu á milli aðila sem ekki tala sama tungumál, án þess að taka afstöðu til viðfangsefnisins.

Árið 2017 hlaut Mímir styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála til að *hæfnigreina starf samfélagstúlka* eftir aðferðarfræði sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur innleitt og Mími hefur verið veitt leyfi til að nota. Hæfnigreiningin var unnin í samstarfi við fagfólk úr atvinnulífinu sem til starfs samfélagstúlka þekkja en um 10-20 manns komu að greiningunni auk stýrihóps sem var til ráðgjafar frá upphafi greiningar. Niðurstöður hæfnigreiningar kallast starfaprófíll og innihalda skilgreiningu og hæfnikröfur fyrir viðkomandi starf en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vottar gæði starfaprófílsins. Í kjölfarið vann Mímir námskrána *Samfélagstúlkun* byggða á niðurstöðum þessarar hæfnigreiningar og styrktu Efling, Starfsafl og Landsmennt gerð hennar. Námskráin hlaut vottun Menntamálastofnunar árið 2019. Með vottun Menntamálastofnunar á námskránni eru gæði og gegnsæi námsins tryggð (sbr. 6. gr. laga um

framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og 8.-10. gr reglugerðar um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011), auk þess sem vottuðum símenntunaraðilum er tryggður notkunarréttur á henni.

Tilgangurinn með námskránni er meðal annars að veita innflytjendum tækifæri til þess að bæta við menntun sína og styrkja stöðu þeirra í samfélaginu almennt, sem og að tryggja framboð túlkunar.

Markmiðið með verkefninu féll vel að áherslum þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019 en þar segir: "Eflid verði gæði og framboð íslenskukennslu fyrir innflytjendur þannig að íslenska nýtist einstaklingum til virkrar þátttöku í samfélaginu. Til að bæta þjónustu samfélagstúlka verði útbúið námskeið fyrir túlka og haldin stöðupróf í nokkrum tungumálum." (Alþingi 20. september 2016).

Margir sem túlka hafa ekki tök á að sækja nám við Háskóla Íslands, meðal annars vegna þess að þeir uppfylla ekki kröfur um stúdentspróf eða aðrar kröfur til náms á háskólastigi. Samfélagstúlkánám er einnig ekki alltaf í boði við Háskóla Íslands. Námskráin *Samfélagstúlkun* er vottuð námsleið, niðurgreidd af Fræðslusjóði, og er sérstaklega gerð fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar með það fyrir augum að styrkja og efla gæði samfélagstúlkunar. Fjölmarginir innflytjendur hafa náð góðum tökum á íslensku og túlka án þess að hafa stundað formlegt nám. Áriðandi er að túlkun um flókin og viðkvæm mál, ákvarðanir og úrræði, sé fagleg og skili góðum árangri og réttar upplýsingar tryggðar. Túlkurinn þarf að kunna bæði tungumálin vel til að geta túlkað rétt. Mikilvægt er að túlkur skilji vel hugtök sem tengjast við þjónustuna, þekki innviði íslensks samfélags, helstu stofnanir og hlutverk þeirra til þess að ná góðum árangri í túlkun. Þessum mikilvægu atriðum eru gerð skil í námi byggðu á námskránni *Samfélagstúlkun*.

Til að efla þessa mikilvægu þjónustu við innflytjendur á öllum sviðum samfélagsins og styrkja faglegan starfsgrundvöll túlka er nauðsynlegt að opinberar stofnanir geri kröfur um að túlkar hafi stundað vottað nám í samfélagstúlkun. Mímir lýsir yfir samstarfsvilja varðandi þetta mikilvæga málefni.

### **Almennt um Mími-símenntun**

Mímir er viðurkenndur fræðsluaðili af mennta- og menningarmálaráðuneyti. Mímir starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og býður upp á almennt og starfstengt nám á framhaldsskólastigi fyrir fullorðin fólk sem ekki hefur lokið framhaldsmenntun. Einnig býður Mímir nám í íslensku sem öðru máli á stigum 1-5 og tungumálanám. Enn fremur er starfrækt náms- og starfsráðgjöf, ráðþegum að kostnaðarlausu.

Mímir hefur hlotið formlega viðurkenningu um að starfsemin standist evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfs, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar. Um er að ræða EQM gæðavottun fræðsluaðila (European Quality Mark) og EQM+ sem staðfestir gæði raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar.

Mímir er stærsta símenntunarmiðstöð landsins og er hluti af neti alls 11 símenntunarmiðstöðva sem eru starfræktar á landinu. Langflestir innflytjendur á Íslandi búa á höfuðborgarsvæðinu. Hjá Mími er löng og yfirgripsmikil reynsla af því að starfa með og fyrir innflytjendur. Er þar umfangsmest almenn og starfstengd íslenskukennsla en yfir 1000 nemendur stunduðu nám í íslensku sem öðru máli á síðasta ári á vegum Mímis.

**Fyrir hönd Mímis-símenntunar,**



Framkvæmdastjóri, Mímir-símenntun